

Fundarnúmer:	530
Dagsetning:	18.02.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

530. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 18. febrúar 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.
2. Undirskriftalisti hesthúseiganda á Hvammstanga.
3. Bréf Hestamannafélagsins Þyts.
4. Tilkynning um XXII. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Afrit af bréfi Sjávarútvegsráðuneytisins til Fiskistofu v/ úthlutunar byggðakvóta.
6. Bréf Guðmundar Björnssonar.

Afgreiðslur:

1. Til fundar með byggðarráði eru mættir fulltrúar Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga þau Guðmundur Haukur Sigurðsson, Ágúst Oddsson, Geir Karlsson og Helga Hreiðarsdóttir. Guðmundur Haukur Sigurðsson, framkvæmdastjóri, gerði grein fyrir hugmynd að samstarfi heilbrigðisstofnunarinnar og sveitarfélagsins um samþætta þjónustu fyrir aldraða gagnvart heimahjúkrun og heimilisþjónustu. Tillaga þessa efnis hefur verið lögð fyrir nefnd sem skipuð hefur verið til að leggja fram hugmyndir um styrkingu atvinnulífs og samfélags á Norðurlandi vestra. Rætt var um skipan starfshóps til að útfæra þessa hugmynd frekar. Samþykkt að framkvæmdastjóri heilbrigðisstofnunarinnar kalli starfshópinn saman. Byggðarráð samþykkir að tilnefna Odd Sigurðarson sem fulltrúa Húnaþings vestra í starfshópinn.
2. Fram lagður undirskriftalisti hesthúseigenda á Hvammstanga þar sem þeir óska eftir því við Húnaþing vestra að hitaveita verði lögð í hestúshverfið á árinu 2008. Byggðarráð samþykkir að fela tæknideild að vinna kostnaðaráætlun og tekjuáætlun vegna tengigjalda.
3. Bréf Hestamannafélagsins Þyts lagt fram. Óskað er eftir því að hitaveita verði lögð að félagshúsi Þyts í Kirkjuhvammi. Byggðarráð samþykkir að fela tæknideild að vinna kostnaðaráætlun og tekjuáætlun vegna tengigjalda.
4. Fram lögð tilkynning um XXII. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður í Reykjavík þann 4. apríl nk.
5. Fram lagt afrit af bréfi Sjávarútvegsráðuneytisins til Fiskistofu v/ úthlutunar byggðakvóta, en þar er tilkynnt að sjávarútvegsráðuneytið hafi samþykkt að fella niður skilyrði 6. gr. reglugerðar nr. 439/2007 um vinnsluskyldu byggðakvóta í Húnaþingi vestra.
6. Bréf Guðmundar Björnssonar lagt fram. Í bréfinu dregur Guðmundur til baka umsókn sína um úthlutun leiguíbúðar í Nestúni. Samþykkt að auglýsa til umsóknar lausar íbúðir í Nestúni. Samþykkt að taka á dagskrá:
7. Ólafur H. Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar er mættur til fundarins. Gerði hann grein fyrir minnisblaði frá Vegagerðinni vegna fyrirhugaðra viðhaldsframkvæmda á Hvammstangabraut og Norðurbraut. Um er að ræða athugasemdir sem gerðar eru við m.a. bifreiðastæði, yfirborðsmerkingar, staðsetningu gangbrauta, bifreiðastæða o.fl.. Stefnt er að kynningarfundum fyrir íbúa þann 26. febrúar nk.

Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:35

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Elín R. Línal(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).